

Reykjavík 20. ágúst 2013

Kristrún Heimisdóttir formaður
Starfshópur um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni

Svör Barnaheilla - Save the Children á Íslandi við spurningum starfshóps um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni vegna lagafrumvarps um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru. Það á jafnframt við um þegar ákvarðanir eru teknar um hvort heimila eigi staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

Þann 17. febrúar 2011 sendu Barnaheill – Save the Children á Íslandi Alþingi umsögn um tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun, þskj. 376 - 310 mál. Í umsögn samtakanna komu fram miklar efasemdir um að leyfa staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, þar sem mörgum siðferðilegum, læknisfræðilegum og lagalegum álitamálum væri ósvarað og erfitt að svara þeim. Samtökin telja mikilvægt að samfélagsleg sátt ríki um málið áður en lagt sé fram frumvarp sem leyfi staðgöngumæðrun.

Samtökin tóku enn fremur undir þau sjónarmið sem fram komu í skýrslu vinnuhóps heilbrigðisráðuneytisins um að staðgöngumæðrun getur haft í för með sér að farið verði að líta á barn sem söluvöru. Það sama getur einnig gerst varðandi staðgöngumóður og þannig getur skapast möguleiki á að kúga konur til að selja aðgang að líkama sínum á nýjan og enn alvarlegri máta en áður hefur þekkst.

Samtökin lögðu jafnframt áherslu á mikilvægi þess að könnuð yrði frekar framkvæmd þessara mála erlendis og tekið mið af þeirri reynslu, m.a. þar sem staðgöngumæðrun er leyfileg. Þetta var að hluta til gert í vinnuhópi heilbrigðisráðuneytisins (2009) en að mati samtakanna var þörf á almennari umfjöllun um málið á víðari vettvangi. Ekki kemur fram í bréfi starfshópsins hvort slíkt hafi verið gert.

Hér koma svör Barnaheilla - Save the Children á Íslandi við spurningum starfshópsins:

Staðgöngumæðrun yfir landamæri

Að kaupa þjónustu staðgöngumæðra má flokka sem mansal og íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að berjast gegn því.

Í velgjörðarskyni

Barnaheill – Save the Children telja að erfitt sé að tryggja með lagasetningu að staðgöngumæðrun verði eingöngu í velgjörðarskyni og því verði erfitt að framfylgja slíkum lögum. Erfitt er að koma í veg fyrir að verðandi foreldrar veiti staðgöngumóður hlunnindi og óhægt að fylgjast með slíku. Því verði hættan sú að konur sem eru illa staddar fjárhagslega muni selja líkama sinn á þennan hátt. Mjög mikilvægt er að koma í veg fyrir slíka þróun, því slíkt er mansal og íslensk yfirvöld hafa skuldbundið sig til að berjast gegn því.

Hagur og réttindi barns

Barnaheill – Save the Children leggja mikla áherslu á að réttur barna sé tryggður í öllu tilliti. Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland hefur lögfest, er kveðið á um að ekki skuli mismuna börnum sökum uppruna eða aðstæðna þeirra eða foreldra þeirra. Því má aldrei mismuna börnum eftir því við hvaða aðstæður þau hafa orðið til.

Í Barnasáttmálanum er jafnframt kveðið á um rétt barna til að þekkja uppruna sinn og að foreldrar beri megin ábyrgð á uppeldi barna sinna. Ef staðgöngumæðrun yrði leyfð þyrfti löggjafinn að huga vandlega að þessu ákvæði. Barnaheill - Save the Children telja að um mörg siðferðileg álitamál sé að ræða sem erfitt sé að leiða til lykta, þar sem hér yrði um að ræða nýja nálgun, skilgreiningar og jafnvel nýja hugsun um það hverjir teljast foreldrar.

Hagur og réttindi staðgöngumóður

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru samtök sem vinna að mannréttindum og velferð barna og taka því ekki afstöðu til málefna sem varða eingöngu staðgöngumóður, nema að því leyti sem það varðar velferð og réttindi barnsins. Tryggja þarf heilbrigði og velferð móður eins og kostur er enda hefur það áhrif á heilsu og velferð barns.

Hagur og réttindi verðandi foreldra

Barnaheill – Save the Children eru samtök sem vinna að mannréttindum og velferð barna og taka því ekki afstöðu til málefna sem varða eingöngu verðandi foreldra, nema að því leyti sem það varðar velferð og réttindi barnsins.

Samtökin telja að sömu kröfur skuli gerðar til allra foreldra, þ.e. að þeir tryggi börnum sínum þá umönnun, vernd og uppeldi sem kveðið er á um í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum íslenskum lögum. Ávallt skulu foreldrar hafa að leiðarljósi það sem barninu er fyrir bestu. Stjórnvöldum ber að veita foreldrum viðeigandi stuðning ef þörf krefur.

Móðurhlutverkið

Það er augljóst að ef staðgöngumæðrun verður heimiluð á Íslandi, þarf að endurskilgreina móðurhlutverkið skv. barnalögum. Barnaheill - Save the

Children á Íslandi telja að jafnframt þurfi þá að yfirfara og jafnvel endurskoða flest lög sem varða börn á Íslandi og þær skilgreininga sem þar eru.

Að lokum

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á sérhvert barn meðfæddan rétt til lífs og skulu aðildarríki tryggja að það megi lifa og þroskast. Það fer fjarri að öll börn heimsins njóti þessa réttar. Fjöldi barna býr við sára neyð, ungbarnadauði er enn mikill í mörgum löndum heims og fjöldi barna er munaðarlaus.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi telja mikilvægara út frá hagsmunum barna að leggja áherslu á það að tryggja öllum börnum réttinn til lífs og þroska og leggja því til að frekari vinna verði lögð í það að styðja samfélög þar sem börn búa við neyð og auðvelda fólki að ættleiða börn. Á undanförunum árum hafa orðið miklar breytingar í íslensku samfélagi og fjölskyldugerðir eru fjölbreyttari frá því sem áður var. Löggjafinn skyldi beita sér af krafti til að aðlaga allar aðstæður að þessum breytingum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi telja að enn sé of mörgum spurningum ósvarað og of mörg álitamál fyrir hendi, sem erfitt er að leiða til lykta til að hægt sé að heimila staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni á Íslandi. Samtökin telja jafnframt að mjög erfitt sé að tryggja rétt barns og staðgöngumóður í lögum og framfylgja þeim.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi telja því, að það að heimila staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni á Íslandi, geti haft í för með sér fleiri vandamál en það sem leysa á. Betra sé að verja kröftum og fjármagni til annarra verka sem stuðla að velferð barna.

Virðingarfyllst

f.h. Barnaheill – Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir
framkvæmdastjóri